



Fundargerð aðalfundar, 29. nóvember 2022

Fundur var settur í íþróttamiðstöð GKG kl. 20:00, þriðjudaginn 29. nóvember 2022. Fundargestir voru 80 og 60 áhorf á netinu. Fundurinn var sendur út beint í gegnum Facebook og því til í rafrænum gögnum klúbbsins.

Formaður, Guðmundur Oddsson, setti fundinn og skipaði Agnar Jónsson sem fundarstjóra og Ragnheiði Stephensen sem ritara og var það samþykkt.

Fundarstjóri tók fram að boðað hefði verið til fundarins með auglýsingu á heimasíðu rúmmum tveim vikum fyrir auglýstan dag á miðlum klúbbsins. Þar með er fundurinn lögmætur skv. 11. gr. sbr. 2. mgr. 8. gr. laga GKG og þar með bær til þeirra ákvarðana sem fyrir honum liggja.

Því næst var gengið til annarrar auglýstrar dagskrár.

- Fráfarandi formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári. Hann ræddi örlítið um stöðuna á framkvæmdum að loknum bæjarstjórnarkosningum og þær áhyggjur sem væru vegna þess hve breyting á fólki í stjórn sveitafélaga þýði ákveðinn hæggang í öllum framkvæmdum á meðan skipting eiga sér stað. Hann sagði að það væru vissuleg vonbrigði að ekki væri búið að landa endanlegri staðsetningu á áhaldahúsi og eins það að hann hefði viljað að nýju holurnar hefðu verið komnar lengra í skipulaginu en raun ber vitni enda var það eitthvað sem hann hefði viljað að væri búið áður en hann hætti sem formaður en það yrði greinilega ekki raunin. Fráfarandi formaður tók það fram að hann ætlaði ekki að lesa skýrsluna ofan í fundinn heldur aðeins stikla á ákveðnum þáttum. Hann nefndi fjöldann í klúbbum og skiptingu kynjanna, GKG sem heilsársklúbbur og það félagsstarf sem hefur verið og er í klúbbum eins og t.d. golfferðir, tilraun sem gerð með félagsvist o.fl. Eins minntist hann á fjölda hringja sem spilaðir voru á völlum. Í lokin kallaði fráfarandi formaður upp til sín, Agnar framkvæmdastjóra, Úlfar íþróttarstjóra og Guðmund vallastjóra og það fundarmenn um að klappa fyrir þeim sem þeir gerðu því í 15 ára veru sinni sem formaður klúbbsins hefði hann haft fullt af flottu fólki með sér og þessir þrír væru einir af þeim bestu. Eins kallaði hann Sóleyju konu sína upp og þakkaði henni fyrir að hafa nennt að vera kona hans í þessi ár.
- Úlfar Jónsson, fráfarandi íþróttastjóri GKG, kynnti störf og árangur íþróttasviðs. Hann fór yfir fjöldann á sumarnámskeiðum. Um 860 börn voru á námskeiðum í sumar. Smá vandamál er búið að vera í sumar vegna breyttrar aðstöðu sem klúbburinn hefur og mögulega erum við komin að þenslumörkum hvað varðar fjölda miðað við fjölda þjálfara og svæðis sem við höfum til æfinga. Hann fór yfir markmið GKG með þjálfun ungmenna og afreksfólks, góða stöðu GKG í þjálfaramálum o.fl. Að lokum fór hann yfir árangur keppniskylfinga okkar. Stærsta afrekið var auðvitað að Guðmundur komst inn á Evróputúrinn. Á árinu náðust 10 Íslandsmeistaratitlar á árinu og voru þrír þeirra í liðakeppni. Úlfar þakkaði svo fyrir samstarfið sem í gegnum tíðina en hann er samt ekki að fara langt því hann fer í annað starf hjá GKG.
- Einar Þorsteinsson, fulltrúi vallanefndar, kynnti því næst framkvæmdir ársins á vellinum og væntanlegar framkvæmdir á nýju ári. Stóru póstar síðasta árs voru sléttunin á 3. braut sem tókst afar vel, ásamt minnkun á holtinu á 16. braut. Eins var breytingin við 10. flöt afskaplega vel heppnuð. Eins var það 18. flötin og er von um að þessi breyting verði til þess að nú verði friður um 18. holuna og hún verði skemmtileg loka hola. Nýja æfingaflötin var svo tekin í notkun síðsumars en hún kemur svo vonandi sterkari inn næsta sumar, orðin betur gróin og ætti að vera mikil búbot fyrir félagsmenn. Eins minntist Einar á flokkunarstöðvarnar sem eru u.þ.b. á þriðju hverri holu á vellinum sem góða nýjung á vellinum og liður í að gera völlinn umhverfisvænni. Síðasta framkvæmdin sem hann minntist á var gróðursetningadagurinn í svæðið við nýju brautirnar sem verið er að móta – sú framkvæmd tóks vel og er á áætlun að vera með eitthvað svipað næsta sumar. Framkvæmdir fyrir næsta sumar eru komnar vel af stað – búið að loka skurðinum við 18. teigana og endurgera og bæta glompur á efri hluta Leirdalsvallar o.fl. sem kylfingar sjá bara næsta sumar þegar þeir mæta á völlinn.
- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála og rekstur klúbbsins í ár. Klúbburinn stendur vel og framtíðin er björt hvað varðar verkefni sem eru ærin í framtíðinni.
- Þar með lauk yfirferð um skýrslu stjórnar og opnaði fundarstjóri fyrir athugasemdir. Bergþóra Sigmundsdóttir tók til máls og kom með athugasemd varðandi völlinn um að það þyrfti mögulega að setja nýjan fremsta teiga á Leirdalinn sem væru hugsaðir t.d. fyrir eldri konur sem væru orðnar höggstyttri og því Leirdalurinn orðinn ansi erfiður, verandi lengsti völlum landsins af fremstu teigum.



Fundarstjóri þakkaði fyrir athugasemdina og sagði að þetta væri eitthvað sem ný stjórn tæki væntanlega til umræðu og eins færi þetta inn í vallarnefnd. Engar frekar athugasemdir komu fram.

- Þá fór framkvæmdarstjóri yfir ársreikninginn. Engar fyrirspurnir komu inn um ársreikninginn.
- Að því loknu voru endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis. Fundurinn samþykkti reikningana.
- Framkvæmdastjóri kynnti rekstrar- og fjárfestingaáætlun komandi starfsárs. Hann kynnti nýtt skipurit og útskýrði fyrir fundarmönnum áætlaðar skipulagsbreytingar á skrifstofu til að þjóna betur hinum almenna kylfingi og fyrsta mál á dagskrá er að endurvekja móttökuna á efri hæðinni. Árgjald næsta árs var kynnt. Árgjaldið helst í hendur við neyslúvísitölu og launavísitölu og reiknast sem hlutfall af þessum tveim vísitölum og hækkar í því hlutfalli. Innifalið í árgjaldinu eru þrjár hálf tímar í golfhermum. Að lokinni umfjöllun um áætlunina bauð framkvæmdarstjóri upp á athugasemdir sem voru engar.
- Engar breytingar á lögum GKG lágu fyrir fundinum og því var sá liður fljótt afgreiddur.
- Jón K. Baldursson fulltrúi kjörnefndar kynnti framboð til formanns og fimm stjórnamanna, eins til eins árs og fjórir til tveggja ára. Þeir sem voru í framboði voru sjálfkjörnir því framboð voru jafn mörg og sæti í boði. Jón Júlíusson var einn í framboði til formanns og hann því sjálfkjörinn sem nýr formaður GKG. Þegar búið var að kynna nýjan formann steig hann í pontu og kynnti sig fyrir fundargestum. Jón K. hélt svo áfram með störf kjörnefndar og tilkynnti hverjir væru í framboði til setu í stjórn. En það voru Einar Gunnar Guðmundsson til eins árs og Einar Þorsteinsson, Ragnheiður Stephensen, Sigmundur Einar Másson og Sigurjón Sigurjónsson til tveggja ára. Einar Þorsteinsson og Sigurjón koma nýir inn í stjórnina ásamt nýjum formanni en aðrir voru í endurkjöri.
- Ólafur Már Ólafsson, KPMG, var kosinn endurskoðandi án andmæla.
- Önnur mál
 - Gísli Sigurgeirsson steig í pontu og vildi koma á framfæri sinni reynslu af golfklúbbi í Danmörku þar sem rástímar eru á 7 og 8 mínútna fresti og gengur vel hvort þetta væri eitthvað sem mætti skoða sérstaklega á þunga tímabilinu frá 15-18 á virkum dögum.
 - Framkvæmdarstjóri kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar. Þátttaka í könnuninni er góð. Margt gott sem kemur þar fram og annað sem hægt er að gera betur. Æfingasvæðið fær eðli málsins samkvæmt algjöra felleinkunn. Vonandi verður bætt aðstaða á næsta ári til þess að kylfingar verði aðeins sáttari við aðstöðuna sem þó verður aldrei alveg viðunandi fyrr en framkvæmdum lýkur. Verslunin fékk líka ekki nógu góða einkunn og er verið að vinna í að bæta það. Eins var með veitingasöluna, hún lækkar aðeins í einkunn og verður það skoðað. Aðrar einkunnir voru góðar og nýtast allar þessar niðurstöður vel inn í starfið og þróunina á því og því mikilvægt að fólk sé duglegt að svara könnuninni svo allar skoðanir komi í ljós.
 - Afhending verðlauna og viðurkenninga fór fram í umsjá formanns og íþróttastjóra.
 - Háttvísi bikarinn 2022 fékk Katrín Hörn Daníelsdóttir. Hún tók miklum framförum í ár og virkur þátttakandi í keppni fyrir GKG. Hún fær viðurkenninguna fyrir fyrirmyndar frammistöðu, háttvísi, jákvæðni, hugmyndaauðgi inn í starfið. Hún er frábær fyrir félagsandann og verður það vonandi áfram.
 - Formaður afhenti Bergþóru Sigmundsdóttur gullmerki GKG fyrir góð störf í gegnum tíðina fyrir klúbbinn, sem formaður kvennanefndar og uppbyggingu á því starfi, setu í stjórn í 10 ár og sem formaður aganefndar. En einnig hefur Bergþóra setið í stjórn GSÍ og unnið þar ýmis störf fyrir golfhreyfinguna.
 - Agnar steig svo í pontu og afhenti fráfarandi formanna gullmerki GKG í annað sinn og í þetta sinn var það úr gulli.
 - Engin önnur mál voru á dagskrá en í fundarlok risu fundargestir úr sætum og klöppuðu fyrir fráfarandi formanni.